

Nd.

409. Frumvarp til laga

um sölu á prestsmötu.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Pálmason, Jónas Guðmundsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötur eiga að greiða, að fá þær keyptar af sér, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaupa beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til kirkjumálaráðuneytisins. Verð prestsmötu ákveður svo ráðuneytið þannig, að fyrir hver 10 kg. smjörs skal greitt andvirði eins leigufærs kúgildis samkvæmt verðlagsskrá þeirrar sýslu, sem jörðin er í. Kaup skulu jafnan miðuð við fardaga og gerð í næstu fardögum eftir að kaupbeiðni kom til ráðuneytisins.

3. gr.

Nú er ekki fyrir hendi vitneskja um, hvort kúgildi þau, sem prestsmata er greidd af, eru kyrkúgildi eða ærkúgildi, og skal þá við kaup á þeirri prestsmötu lagt til grundvallar meðaltalsverð ær- og kyrkúgilda samkvæmt verðlagsskrá.

4. gr.

Heimilt er mönnum að kaupa af sér prestsmötu smám saman, þó aldrei minna í senn en sem svarar einu kúgildi, enda lækkar kvöðin um 10 kg. smjörs fyrir hvert kúgildi, sem út er leyst.

5. gr.

Kirkjumálaráðuneytið veitir afsal fyrir keyptri prestsmötukvöð um leið og greiðsla fer fram.

6. gr.

Andvirði prestsmötu rennur í prestlaunasjóð, en presti þeim, er hennar naut, skulu greiddir vextir þeir, er fást af andvirðinu.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu, og lög nr. 38 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér breyting á lögum þeim, sem nú gilda um sölu á prestsmötu, þannig, að í stað þess að verð hennar sé ákveðið á þann hátt að kapitalisera með 5% upphæð þá, sem prestum er reiknuð hún í heimatekjum, þá sé mönnum leyft að kaupa hana af sér með því að leysa út kúgildi þau, sem hún er goldin af, með því verði, sem á þeim er á hverjum tíma samkv. verðlagsskrá. Prestsmatan hefir lengst af verið allþung kvöð á þeim bændum, sem keypt hafa jarðir þær, sem hún fylgir, því venjulega hefir lítið tillit verið til hennar tekið í kaupverðinu. Nokkrir hafa þegar keypt hana af sér samkv. gildandi lögum, en fjöldi bænda hefir ekki treyst sér til þess, með því verði, sem hún er reiknuð þeim. Með frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, ætti þetta að vera léttara. Enda virðist sanngjarnt, að kvöð, sem byggist á ákveðnum höfuðstóli, verði af létt með því að leysa út sjálfan höfuðstólinn, og þá með því opinbera verði, sem á honum er á hverjum tíma.